

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1968

27. apríl 1968.

47

Nr. 21.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir sameiginlegri stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Til öflunar fjár í byggingarsjóð ríkisins er veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út og selja skuldabréf (bankavaxtabréf) sem svarar heildarupphæð árlegra lánveitinga húsnæðismálastjórnar til íbúðabygginga. Skuldabréf þessi skulu vera með föstum vaxtafæti og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet), sjá þó 5. málsg. þessarar gr.

Skuldabréf þessi og vextir af þeim skulu vera undanþegin sköttum, útsvari og framtalsskyldu á sama hátt og innstæður í bönkum.

Ríkissjóður ber einfalda ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt bréfum þessum.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Grunními þessarar vísitölu skal vera 1. febrúar 1968, og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við fyrsta dag mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. Gildistími hverrar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkvæmt 2. málsg. þessarar gr. og C-liðs 7. gr. er 3 mánuðir og reiknast frá 1. degi þess mánaðar, er vísitalan er við miðuð.

Á ársgreiðslur lána, er byggingarsjóður tekur samkvæmt 2. málsg. þessarar gr., skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsg. þessarar gr.) frá útgáfutíma skuldabréfs og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu.

Ráðherra ákveður að öðru leyti gerð þessara skuldabréfa og setur nánari reglur um útgáfu þeirra. Skal fara eftir þeim reglum, er gilda um útgáfu bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans, nema ráðherra ákveði annað.

2. gr.

3. málsg. A-liðs 7. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

A 7

3. gr.

Aftan við A-lið 7. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Húsnaðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnaðismálastjórnar. Lán þessi skiptist síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda.

Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnaðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu.

4. gr.

Fyrri málsg. C-liðs 7. gr. orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%, þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsg. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu byggingarsjóðs skulu skuldarar árlega greiða sem svarar $\frac{1}{4}\%$ af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

5. gr.

1. málsl. 3. málsg. 10. gr. orðist svo:

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsg., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsg. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var inn lagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu (sbr. 5. málsg. 5. gr.).

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem fengið hafa vísitölubundin lán hjá veðdeild Landsbankans á tímabilinu 24. júlí 1964 og til gildistöku þessara laga, skulu á gjalddaga ársgreiðslu 1. maí 1968 greiða álag á hana samkvæmt vísitölu 194 stig. Tekur þetta jafnt til lána, sem tengd eru framfærsluvísitölu, sem til lána, sem tengd eru kaupgreiðsluvísitölu. Á ársgreiðslur af slíkum lánum, sem falla í gjalddaga eftir 1. maí 1968, skulu skuldarar greiða hlutfallslega viðbót sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsg. 5. gr.) frá 1. febrúar 1968 og til 1. febrúar næst fyrir gjalddaga hverrar ársgreiðslu.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.